

Rangárþing eystra  
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 8. október 2019  
UST201909-312/A.B.  
10.04.00


**Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi - Rangárþing eystra 2012 - 2024 -- Nýtt deiliskipulag fyrir Yztabælistot**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Yztabælistot.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að um 20 ha af landbúnaðarlandi er breytt í íbúðarbyggð í Yztabælistoti og þar verður gert ráð fyrir allt að 5 íbúðarhúsum sem geta verið allt að 200 m<sup>2</sup>.

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Virðingarfyllst

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur